



Erindi 16. október

Stefán Gíslason er stofnandi og eigandi Umhverfisráðgjafar Íslands

Titill: Umhverfisvernd: Tækifæri fyrir byggðina

Útdráttur: Í erindinu verður fjallað um það hvort og þá hvernig áhersla á umhverfisvernd getur falið í sér tækifæri fyrir byggðarlög og leitt til uppbyggingar og fjölgunar starfa og um það hvort sá tími sé liðinn að umhverfisvernd og atvinnuuppbyggingu sé stillt upp sem andstæðum.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir er forstjóri Skipulagsstofnunar. Hún er með M.Phil. próf í skipulagsfræði frá Háskólanum í Reading í Bretlandi og hefur starfað að skipulagsmálum og umhverfismati á ólíkum vettvangi – innan stjórnáætlunar, sem ráðgjafi og við kennslu og rannsóknir í aldarfjórðung.

Titill: Skipulagsgerð um byggð og samfélag

Útdráttur: Fjallað verður um skipulagsgerð og samspil hennar við áætlanagerð á sviði byggðamála sem undirstöðu fyrir byggða- og samfélagsþróun. Farið verður yfir áherslur Landsskipulagsstefnu 2015-2026 um búsetumynstur og þróun byggðar og fjallað almennt um áhrif byggðargæða og byggðarskipulags á aðdráttarafl, samkeppnishæfni og viðnámsþrótt byggða.

Auður Önnu Magnúsdóttir er með doktorspróf í lífefnafræði frá Stokkhólmsháskóla og hefur unnið í líftækni. Var síðast deildarforseti auðlinda- og umhverfiseildar við Landbúnaðarháskóla Íslands. Auður er uppalin á Selfossi, en bjó lengi í Svíþjóð, gift og á þrjú börn.

Titill: Landnotkun í sátt og hinar þrjár stoðir sjálfbærrar þróunar

Útdráttur: Sjálfbærni er eina viðskiptamódelið sem gengur upp til langs tíma. Við þurfum að koma hugsun um sjálfbærni inn í öll kerfi og verkefni. Stoðir sjálfbærni eru þrjár, samfélag, efnahagur og umhverfi en náttúran er hins vegar takmarkandi þáttur en er þrátt fyrir það oft sú stoð sem ber skarðan hlut frá borði. Landnotkun á Íslandi þarf að skoða.

Theódóra Matthíasdóttir er með B.S. gráðu í ferðamálafræði og B.S. gráðu í jarðfræði frá Háskóla Íslands. Síðastliðin ár hefur hún unnið sem sérfræðingur á Náttúrustofu Vesturlands; sinnti í upphafi umhverfismálum sveitarfélaganna á Snæfellsnesi en hefur síðastliðin misseri starfað að ýmsum verkefnum fyrir Breiðafjarðarnefnd.

Titill: Áhrif verndar Breiðafjarðar á byggðaþróun

Útdráttur: Náttúra Breiðafjarðar er einstök á mjög margan hátt og hefur fjörðurinn verið verndaður með lögum um vernd Breiðafjarðar síðan 1995. Þar er að finna mesta grunnsævi Íslands, víðáttumiklar og lífríkar fjörur, mikilvægasta fuglasvæði landsins, tilkomumiklar straumrastir, stórkostlega landslagsheild og merkilegar minjar um hlunnindanyttjar. Lög um vernd fjarðarins hafa ekki haft mótandi áhrif á byggðaþróun svæðisins fram til þessa, og hafa í raun litlu breytt fyrir samfélögin sem búa við fjörðinn, þegar á heildina er litið. Fjölmörg dæmi má þó finna um að verndarsvæði, hvort sem um sé að ræða þjóðgarða eða aðrar gerðir verndunar, hafi haft talsverð áhrif á nærumhverfi og byggðaþróun.

Í erindinu verður sagt frá slíkum dæmum og rætt um þá möguleika sem felast í verndun svæða fyrir byggðaþróun almennt. Færð verða rök fyrir því að markvissari verndun Breiðafjarðar geti skapað mýmörg tækifæri fyrir byggðir við fjörðinn. Farið verður yfir mismunandi leiðir til aukinnar verndunar fjarðarins, s.s. að hann verði gerður að þjóðgarði, færi á Ramsarskrá yfir alþjóðlega mikilvæg votlendissvæði eða á heimsminjaskrá UNESCO, og hvaða afleiðingar það gæti haft fyrir búsetu, nýtingu náttúruauðlinda, almenna atvinnuuppbyggingu og ferðaþjónustu.

Sigurborg Kr. Hannesdóttir fæst við það sem kallast „þátttaka almennings“ og hefur stýrt samráðsverkefnum, íbúafundum og íbúáþingum víða um land, síðustu 18 árin. Einnig heldur hún námskeið og vinnusmiðjur um markvisst samráð og árangursríkar fundaaðferðir. Þetta gerir hún í nafni eigin ráðgjafarfyrtækis, ILDIs, þar sem hún er eini starfsmaðurinn og þarf því ekki að ástunda mikið lýðræði í vinnunni! Sigurborg hefur BA próf í félagsfræði og félagsráðgjöf og meistaraþráðu í þróun og skipulagningu ferðamála. Hún er líka jógakennari og fæst við ýmislegt fleira sem tengist því að rækta líkamlegt og andlegt jafnvægi. Meðal verkefna sem hún hefur fengist við á undanförunum árum, er umsjón með íbúáþingum í verkefni Byggðastofnunar í hinum svokölluðu brothættu byggðum. Sigurborg er Snæfellingur, býr í Grundarfirði en er fædd og uppalin í Stykkishólmi.

Titill: „Alls staðar er fallett umhverfi og bærinn iðandi af brosandí mannlífi“. Af framtíðardraumum í fámennum byggðum

Guðmundur Ögmundsson er þjóðgarðsvörður í Jökulsárgljúfrum og er búsettur í Kelduhverfi í Norðurþingi. Hann hefur starfað hjá Vatnajökulspjóðgarði í tæp 10 ár, fyrstu sjö árin sem aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar í Skaftafelli. Þar á undan var hann landvörður Umhverfisstofnunar á miðhálandinu og í tvö sumur skálavörður á Hveravöllum á Kili.

Guðmundur er með BA-gráðu í ferðamálafræði frá Háskólanum á Hólum, þar sem lögð er sérstök áhersla á ferðaþjónustu í dreifbýli. Samhliða vinnu hefur hann jafnframt stundað nám í umhverfis- og auðlindafræði við Háskóla Íslands og sett þar í brennidepil gildi víðerna og stjórnun friðlýstra svæða.

Titill: Þjóðgarðar: Lykill af blómlegri byggð?

Útdráttur: Síðastliðinn áratug hefur ferðapjónusta á Íslandi sprungið út og blómstrað, og um leið orðið ein af undirstöðum efnahagslífsins. Þjóðgarðar landsins hafa þar gengt fjölþættu og mikilvægu hlutverki, missýnilegu þó. Augljósir eru þeir innviðir og sú afþreying sem þjóðgarðarnir bjóða upp á og ferðamenn og ferðapjónusta geta nýtt sér. En færri gera sér grein fyrir því að í hugum ferðamanna eru þjóðgarðar gæðastimpill fyrir viðkomandi áfangastað og hafa sem slíkir mikið aðdráttarafl. Þar að auki skapa þjóðgarðar ýmis tækifæri fyrir íbúa á nærsvæðum þeirra, bæði bein og óbein.

Í erindinu verður reynt að varpa ljósi á þetta hlutverk og ólíka þætti þess. Fjallað verður um þjóðgarðshugmyndina almennt og hvar Ísland stendur samanborið við þjóðgarða í öðrum löndum. Rök verða færð fyrir því að landsbyggðin eigi fjölmörg tækifæri ónýtt, og að nú - þegar ferðapjónustan stendur á krossgötum og ný þjóðgarðsstofnun er handan við hornið – sé rétt að grípa þessi tækifæri. Í leiðinni verður svo sýnt fram á að Vatnajökulsþjóðgarður er landsbyggðarstofnun sem fært hefur valdið heim í hérað.

Gréta Bergrún Jóhannesdóttir er verkefnastjóri á rannsóknarsviði Þekkingarnets Þingeyinga og doktorsnemi við Háskólann á Akureyri. BA í fjölmiðlafræði frá Háskólanum á Akureyri, MA í kynjafræði frá Lund University. Gréta hefur starfað hjá Þekkingarnetinu síðan 2009 meginstarfsvið hennar er byggðarannsóknir og þátttaka í Evrópuverkefnum. Býr og starfar í heimahögum, Þórshöfn á Langanesi.

Titill: Mannfjöldapróun og búsetugæði í Þingeyjarsýslu síðastliðin 10 ár.

Útdráttur: Undanfarin ár hefur Þekkingarnet Þingeyinga unnið sínar eigin greiningar á mannfjöldapróun og búsetugæðum í Þingeyjarsýslu þar sem farið er undir yfirborðið á venjubundnum mannfjöldatölum. Fylgst hefur verið með mannfjöldapróun með því að greina niður talnagögn Hagstofunnar fyrir hvert sveitarfélag en einnig farið í útreikninga á gögnum sem ekki eru niðurgreind fyrir sýsluna s.s. meðalaldur. Þá er einnig horft til mannfjöldabreytinga í þéttbýli og dreifbýli innan sveitarfélaganna, aldurssamsetningu o.fl. þætti.

Árið 2010 gaf Þekkingarnetið út niðurstöður í umfangsmikilli könnun á búsetugæðum sem framkvæmd var árið 2009, þar sem íbúar voru spurðir áhlits á ýmsum samfélagsþáttum, búsetuskilyrðum og þjónustu. Í sumari var þessi könnun endurtekin og áhugavert að sjá hvað hefur breyst á þessum árum, en á tímabilinu hafa orðið miklar breytingar í samgöngum m.a. með tilkomu Hólfaskarðsleiðar um Hólaheiðið og flugsamgangna til Húsavíkur. Þá hafa opnaðar lágvöruverðsverslanir, áform um álver á Bakka fallið niður en kísilver risið í staðinn. Núverandi áform um umfangsmikla umskipunarhöfn í Finnafirði við Bakkafjörð er áhugavert að skoða út frá samfélagslegum þáttum og sjá skoðanir íbúa í nærliggjandi byggðum á ýmsum þáttum er að mögulegum framkvæmdum snúa. Í Þingeyjarsýslu er svæðisbundinn uppgangur sem tengja má við framkvæmdir á Bakka, en önnur samfélög eiga undir högg að sækja, s.s. Raufarhöfn og Bakkafjörður. Kynntar verða fyrstu niðurstöður búsetugæðarannsóknar með samanburði við fyrri könnun, sem og yfirlit yfir helstu þætti mannfjöldapróunar í Þingeyjarsýslu síðastliðin 10 ár.

Erindi 17. október

Eyrún Jenný Bjarnadóttir hefur starfað sem sérfræðingur hjá Rannsóknamiðstöð ferðamála frá árinu 2008, fyrst á Akureyri og síðan í Reykjavík. Þar hefur Eyrún unnið að mörgum sérverkefnum s.s. tengdum ferðavenjum erlendra ferðamanna á jaðarsvæðum, þróun áfangastaða og notkun vefmiðla til samskipta og markaðssetningar hjá ferðaþjónustufyrirtækjum. Síðustu ár hefur megináherslan í rannsóknum verið á áhrifum ferðamanna og ferðaþjónustu á samfélag heimamanna. Eyrún er ættuð af Vestfjörðum en hún ólst upp í Hrutafirði. Hún er með bakkalágráðu í ferðamálafræði frá Háskóla Íslands og meistaraáráðu í samskiptafræðum frá Álaborgarháskóla í Danmörku.

Titill: Plúsur og mínusar ferðaþjónustu: Frá sjónarhóli heimamanna

Útdráttur: Á tímabilinu 2010-2017 fjölgaði erlendum ferðamönnum á Íslandi á ógnarhraða, eða að jafnaði um 25,8% á ári. Fjölgun ferðamanna hefur fylgt ýmis tækifæri til tekjuöflunar sem rennt hafa styrkari stöðum undir búsetu- og starfsskilyrði í byggðum landsins. Vöxtur ferðaþjónustunnar hefur hins vegar ekki aðeins verið sældin ein. Fylgiskilar hans hafa verið fjölmargar áskoranir sem geta haft viðtæk áhrif – ekki aðeins á náttúru og hagkerfi heldur einnig á samfélag heimamanna. Skilningur á viðhorfum heimamanna er meðal lykilþátta fyrir farsæla og sjálfbæra þróun ferðamennsku og stýringu áfangastaða en í sinni einföldustu mynd upplýsa félagsleg þolmörk um það hvenær gestakomur eru farnar að hafa neikvæð áhrif á viðhorf heimamanna.

Rannsóknir á áhrifum ferðamennsku hafa sýnt að ferðamennska getur markað djúp og varanleg spor í samfélag heimamanna. Í erindinu verður fjallað um það helsta sem brennur á íbúum landsbyggðanna í tengslum við ferðamenn og ferðaþjónustu. Byggt er á niðurstöðum greiningar Rannsóknamiðstöðvar ferðamála á viðhorfum landsmanna til ferðamanna og ferðaþjónustu. Greiningin byggir á 2370 svörum landsmanna sem safnað var í símakönnun haustið 2017.

Niðurstöðurnar leiddu í ljós að jákvæð tengsl eru milli viðhorfa landsmanna til áhrifa ferðamanna og þess hversu oft landsmenn verði varir ferðamenn í heimabyggð, hversu oft þeir eiga samskipti við þá, hvernig þeim líkar að hafa samskipti við þá. Greiningin sýnir einnig að því jákvæðari áhrif sem landsmenn telja ferðamenn hafa því líklegri eru þeir til að finna til batnandi lífsgæði. Auk þess er sýnt fram á hverjar jákvæðustu og neikvæðustu hliðar ferðaþjónustunnar eru að mati þeirra sem búa í byggðum landsins. Skilningur á sjónarmiði íbúanna getur auðveldað mótun stefnu í ferðamálum sem er samfélaginu til góða og byggir á lágþörmun neikvæðra áhrifa og háþörmun jákvæðra áhrifa ferðaþjónustu í byggðum landsins.

Vífill Karlsson hóf hagfræðináám við Háskólann í Björgvin haustið 1991 og lauk þaðan Cand. Mag. prófi árið 1995 og Cand. Polit. prófi 1997. Hann starfaði við kennslu og rannsóknir á Bifröst á árunum 1996-2008, þar af sem aðstoðarrektror starfsárið 1999 – 2000. Vífill réði sig sem ráðgjafa hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) samhliða starfi á Bifröst. Ennfremur hefur hann kennt fjölda námsgreina við Landbúnaðarháskóla Íslands frá árinu 1997. Vífill hóf kennslustarf við Háskólann á Akureyri samhliða atvinnuráðgjafarstarfinu árið 2008 og lauk doktorsnámi í hagfræði frá Háskóla Íslands 2012 og er núna dósent við Háskólann á Akureyri ásamt ráðgjafastarfi hjá SSV. Svæðahagfræði er hans fyrsta sérsvið en auðlinda- og umhverfishagfræði annað sérsvið. Vífill hefur einkum rannsakað orsakir búferlaflutninga og velferð íbúa í hinum dreifðum byggðum ásamt rannsóknum á samgöngum og fasteignamarkaði.

Titill: Sældarhagkerfið og byggðamál: Að hvað miklu leyti hafa umhverfisþættir áhrif á ákvörðun um búsetuval einstaklinga?

Útdráttur: Í þessu erindi verða settar fram nýjar vísbendingar um mikilvægi náttúrugæða fyrir alla íbúa en jafnframt áhugaverðan munur á þeim. Gögnin verða mátuð við kenningar Roback (1982) og fleiri sem

voru fyrstir til að benda á mikilvægi skynvirðisþátta eins og náttúrugæða í því hvar fólk velur að búa. Margt bendir til að skýr munur sé hjá fólki sem býr í túnjaðri borgarinnar t.a.m. á Reykjanesi og þeim sem búa afskekkt t.a.m. á Ströndum. Greiningin byggir á stórri íbúakönnun sem gerð var í öllum landshlutum nema Austurlandi, Norðurlandi eystra og höfuðborgarsvæðinu og rúmlega 6.000 svöruðu.

Kristín Linda Árnadóttir gegnir stöðu forstjóra Umhverfisstofnunar. Hún er lögfræðingur að mennt en jafnframt umhverfisfræðingur og með framhaldsmenntun í Evrópurétti. Kristín Linda hefur sýslað við umhverfismál allan sinn feril og hefur gríðarlega mikinn áhuga á málaflokknum. Reynir vera alltaf til fyrirmyndar, beinlínis nýt þess að flokka, geng mikið fremur en að nota bíl, hef minnkað eigin neyslu og tem mér nýtni og nægjusemi.

Titill: Friðlýsing svæðis sem drifkraftur í jákvæðri byggðaðróun

Útdráttur: Í erindinu verður fjallað um hvernig blómleg byggð og náttúruvernd fara oft saman. Sem dæmi má nefna að umhverfis- og auðlindaráðherra hefur hrundið af stað átaki í friðlýsingum á náttúruverndarsvæðum. Eitt af markmiðum átaksins er að miðla þeim tækifærum sem felast í efnahagslegu mikilvægi náttúruverndarsvæða fyrir dreifðari byggðir. Einnig verður velt upp spurningum um uppbyggingu nýrrar atvinnustarfsemi í sátt við náttúru og samfélag. Farið verður yfir hvernig „kerfið“ virkar og hvernig þátttaka almennings verður helst tryggð. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er dæmi um hvernig náttúruvernd og uppbygging í samvinnu og samstarfi við heimamenn hefur skilað blómlegri byggð með fjölbreyttari atvinnutækifærum en áður.

Að lokum verður farið yfir þá stefnu Umhverfisstofnunar að auglýsa störf hjá stofnuninni án staðsetningar með það m.a. að markmiði að efla starfstöðvar landsbyggðanna. Með því reynir Umhverfisstofnun að tryggja að við séum í raun stofnun allra landsmanna.

Hrefna Jóhannesdóttir útskrifaðist sem skógræðingur (M.Sc.) frá landbúnaðarháskólanum að Ási í Noregi árið 2000. Hrefna hefur unnið við rannsóknir, kennslu og stefnumótun varðandi skógrækt og umhverfismál. Starfar sem skipulagsfulltrúi Skógræktarinnar að aðalstarfi. Hrefna býr ásamt fjölskyldu sinni á skógræktarjörðinni Silfrastöðum í Skagafirði. Hún er oddviti hreppsnefndar Akrahrepps.

Gústav M. Ásbjörnsson útskrifaðist frá Landbúnaðarháskóla Íslands 2003 (B.Sc.). Gústav hefur unnið hjá Landgræðslu ríkisins síðan 2004 og hefur unnið þar við skipulagningu og rekstur fjölbreyttra uppgræðsluverkefna, úttektir á ástandi lands, fræðslu og ráðgjöf. Gústav starfar nú sem sviðsstjóri landverndarsviðs Landgræðslu ríkisins.

Titill: Hvernig getur skógrækt og landgræðsla stuðlað að sjálfbærri byggðaðróun?

Útdráttur: Í erindinu verður fjallað um þá möguleika sem felast í skógrækt og landgræðslu fyrir sveitarfélögin, með sjálfbæra byggðaðróun að leiðarljósi.

Lilja Berglind Rögnvaldsdóttir er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands með MS gráðu í ferðamálafræði frá sama skóla. Hún lauk einnig MSc námi í alþjóðamarkaðsfræði frá University of

Strathclyde. Frá árinu 2012 hefur hún starfað sem verkefnisstjóri hjá Rannsóknasetri HÍ á Húsavík við rannsóknir í ferðaþjónustu.

Titill: Erlendir gestir og einstök svæði

Útdráttur: Í erindinu verður fjallað um ólíkar birtingarmyndir ferðaþjónustu á fjórtán stöðum á Íslandi. Efnahagsleg áhrif eru áætluð út frá svæðisbundnum útgjöldum ferðamanna auk þess sem dvalarlengd gesta og ánægjustig þeirra verður til umfjöllunar. Erindið byggir á niðurstöðum ferðavenjukönnunar meðal erlendra gesta sem framkvæmd hefur verið af Rannsóknamiðstöð ferðamála og Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Húsavík sumrin 2013-2018. Heildarfjöldi svara er um 12.000 og áfangastaðirnir alls fjórtán.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að ferðavenjur og útgjöld erlendra gesta voru talsvert ólík eftir stöðum og lá helsti munurinn í ástæðum heimsóknar, dvalartíma og neyslumynstri gesta. Aðdráttarafl hvers svæðis var ýmist bundið náttúru þess, afþreyingu eða staðsetningu. Útgjöld tengdust þjónustuframboði á hverjum stað og því sem helst dró ferðamenn til svæðisins.

Óli Halldórsson er forstöðumaður Þekkingarnets Þingeyinga og sveitarstjórnarmaður í Norðurþingi. Óli er með BA-gráða í heimspeki og MA í umhverfisfræðum, hvoru tveggja frá Háskóla Íslands, með viðkomu í Middlesex University í London og kennsluréttinda frá Háskólanum á Akureyri. Óli hefur komið að málefnum þjóðgarða beint og óbeint úr ýmsum áttum til margra ára. Auk þess að hafa unnið við stjórnsýslu umhverfismála hjá Skipulagsstofnun (umhverfismat og skipulagsmál) hefur hann komið að rannsóknaverkefnum og upplýsingaöflun á vegum Þekkingarnets Þingeyinga fyrir þjóðgarðinn á heimasvæðinu á NA-landinu. Frá árinu 2015 hefur Óli einnig setið í svæðisráði Norðursvæðis og stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs. Þá veitir hann formennsku þverpólitískri nefnd sem starfar um þessar mundir að undirbúningi að stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands.

Titill: Þjóðgarðar og byggð

Útdráttur: Þjóðgarðar eru margir og ólíkir. Á alþjóðavísu eiga þeir það m.a. sameiginlegt að vera staðsettir og reknir í óbyggðum og/eða dreifðum byggðum. Þjóðgarðar eru því áhjákvæmilega tengdir búsetu og byggð á dreifbýlli svæðum og fámennari frekar en þéttbýlisstöðum eða borgum. Í erindinu verður fjallað um hlutverk þjóðgarða og tengsl þeirra við nærliggjandi byggðir. Horft verður til þróunar þjóðgarða og hvernig aðkoma þeirra og samskipti við heimafolk á nærsvæðum hefur tekið breytingum í áranna rás. Þessi þróun verður sett í samhengi við íslenska þjóðgarða og þau áform sem uppi eru um þessar mundir, m.a. á hálandi Íslands.

Jón Þorvaldur Heiðarsson er með BS próf í eðlisfræði og masterspróf í hagfræði frá HÍ. Lektor við viðskiptadeild HA síðan 2008. Starfsmaður Rannsóknarmiðstöðvar Háskólans á Akureyri 2004-2011. Jón Þorvaldur hefur einkum stundað rannsóknir á sviði samgangna en einnig á fleiri sviðum svo sem orku og byggðamálum.

Titill: Raforkukerfið á Vestfjörðum og hvernig fyrirhuguð Hvalárvirkjun breytir því

Útdráttur: Í erindinu verður leitast við að lýsa núverandi raforkukerfi á Vestfjarðakjálkanum og annmörkum þess. Einnig verður leitast við að lýsa hvernig Hvalárvirkjun eða aðrar virkjanir á svipuðum slóðum breyta þessu kerfi og þar með orkumálum og búsetuskilyrðum á Vestfjörðum.

Vestfjarðakjálkinn er ekki sjálfum sér nógur í raforku um þessar mundir og þarf því að fá rafmagn flutt inn í fjórðunginn af landsnetinu. Þessi flutningur raforku inn í landshlutann fer um Vesturlínu úr Hrutatungu í Hrutafjarðarbotni í Mjólkárirkjun í Arnarfirði. Þetta er einföld tenging og gerir það að verkum að afhendingaröryggi er slakt í landshlutanum. Mikill munur er á raforkuþörf á Vestfjarðakjálkanum eftir árstíðum vegna hitaveituleysis. Ef Vesturlína færi í sundur að vetri þýddi það raforkuskort á Vestfjörðum.

Áformuð Hvalárvirkjun hefur mikil áhrif á raforkukerfið á Vestfjarðarkjálkanum þar sem slík virkjun leiðir af sér mikla orkuframleiðslu innan kerfisins. Virkjunin mun væntanlega leiða af sér þriggja fasa rafmagn og tvöfalda tengingu í Árneshreppi. Ennfremur verður Vestfjarðakjálkinn nettó útflytjandi raforku en ekki innflytjandi. Mestu áhrif virkjunarinnar á raforkukerfið á Vestfjarðakjálkanum eru samt sem áður líklega þau að verkefnið, sem felst í því að koma á tvöfaldri tengingu í flutningskerfinu í öllum landshlutanum, verður allt annað og viðráðanlegra en áður. Einungis þyrfti eina línu til viðbótar til að næstum allt flutningskerfið yrði með tvöfalda tengingu. Sterkasta lokaskrefið væri lína innst úr Ísafjarðardjúpi út til Ísafjarðar eða í Breiðadal í Öfundarfirði. Án Hvalárvirkjunar eða annarra sambærilegra virkjana er tvöföld tenging raforkukerfisins á Vestfjarðakjálkanum mjög stórt verkefni.

Róbert Arnar Stefánsson og Menja von Schmalensee eru bæði líffræðingar frá Háskóla Íslands. Þau hafa starfað hjá Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi í tæplega 18 ár, Róbert sem forstöðumaður og Menja sem sviðsstjóri. Þar hafa þau unnið að uppbyggingu og stefnumótun Náttúrustofunnar ásamt fjölmörgum fjölbreyttum verkefnum, svo sem rannsóknum á vistfræði minksins, ýmsum fuglarannsóknum, rannsóknum og ráðgjöf varðandi ágengar tegundir, ráðgjöf varðandi umhverfismál sveitarfélaga og ýmsum verkefnum í tengslum við almenningsfræðslu.

Titill: Mikilvægi náttúrustofa fyrir byggðapróun í aukinni sátt við náttúru

Útdráttur: Á árunum 1995-2013 voru átta náttúrustofur settar á laggirnar vítt og breitt um landið. Hver og ein þeirra er sjálfstæð eining í eigu sveitarfélaga en rekin með styrk frá ríki. Hlutverk þeirra eru einkum vísindaleg gagnasöfnun, fræðsla, ráðgjöf og ýmis þjónusta. Ekki er um það deilt að tilurð náttúrustofa hefur verið afar vel heppnuð aðgerð m.t.t. náttúruverndar og þekkingaröflunar innan hvers svæðis og á landsvísi, en hefur tilvist náttúrustofa einnig haft áhrif á byggðapróun? Á náttúrustofum starfar samtals á fjórða tug háskólamenntaðra náttúrufræðinga og hafa stofurnar því aukið fjölbreytni atvinnulífs í byggðum sem margar hverjar hafa átt undir högg að sækja. Þekking á náttúru nærumhverfis er forsenda atvinnuuppbyggingar í sátt við náttúru og umhverfi. Gott aðgengi íbúa, fyrirtækja, stofnana og stjórnenda sveitarfélaga að fræðimönnum með slíka þekkingu er einnig nauðsynleg til að ná slíku markmiði. Í erindinu verður m.a. farið yfir aðkomu náttúrustofa að atvinnuuppbyggingu og nýsköpun, ásamt því hvernig þær hafa haft áhrif á stefnu sveitarfélaga og viðhorf almennings til umhverfisverndar. Litið verður sérstaklega til reynslu Náttúrustofu Vesturlands en einnig nefnd dæmi frá öðrum náttúrustofum. Færð verða rök fyrir því að náttúrustofur séu afar mikilvægar einingar fyrir jákvæða byggðapróun og stuðli að aukinni sjálfbærni.

Þrátt fyrir augljósa kosti náttúrustofa hafa þær þurft að heyja varnarbaráttu nánast frá upphafi. Kynnt verður framtíðarsýn um blómstrandi samfélög með sterkum náttúrustofum.



BYGGÐARÁÐSTEFNAN
2018